Nr. 882 4. september 2008

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps, Strandasýslu, 1995-2015, Borðeyri.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps, Strandasýslu, 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir opinbera þjónustu (skóli, stjórnsýsla og félagsaðstaða) stækkar til norðurs á kostnað opinna óbyggðra svæða.
2. Opin svæði til sérstakra nota breytast í opið óbyggt svæði. Tjaldsvæði færist til.
3. Tjaldsvæðið færist niður á grundirnar og þar er gert ráð fyrir litlum púttvelli. Íbúðarsvæði fellur niður.
4. Opið óbyggt svæði og hluti af fyrrum tjaldsvæði breytist í lítið frístundabyggðasvæði.
5. Opið óbyggt svæði breytist í íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum, öðru norðan Lyngbrekku og hinu vestan Sjónarhóls.
6. Gert er ráð fyrir sjóvarnargarði.
7. Fyrirhugað er nýtt athafnasvæði uppi á melnum nyrst á svæðinu, Borðeyri.
8. Fyrirhuguð er lítil flotbryggja framan við verslunina og Riishús.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 4. september 2008.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2008